



Reykjavík, 20. janúar 2025

USK24090178

ERINDISBRÉF

Valnefnd vegna námsstyrks Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur

Ábyrgðarmaður: Ólöf Örvarsdóttir

Inngangur:

Á fundi borgarráðs Reykjavíkur dags. 19. september 2024, var samþykkt að koma á árlegum námsstyrk í nafni Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur lögfræðings og fyrrum sviðsstjóra og borgarritara. Styrkurinn verður greiddur af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og veittur einu sinni á ári í fimm ár fyrir meistararitgerð eða meistaraverkefni á sviði umhverfisog/eða loftslagsmála. Í forgangi verði styrkir til verkefna eða ritgerða sem varða Reykjavíkurborg beint eða sveitarfélög almennt.

Hlutverk:

Tilgangur styrksins er að styðja við og hvetja til framhaldsnáms í umhverfis- og eða loftslagsmálum og efla þannig þekkingu á umhverfis- og loftslagsmálum til framtíðar. Verðlaunafjárhæð árið 2025 er 500.000 kr,-. Valnefnd er skipuð af umhverfis- og skipulagsráði til árs í senn, sem hefur að hlutverk að halda utan um styrkinn¹.

Helstu verkefni valnefndar:

- Valnefndin setur sér verklagsreglur sem hún vinnur samkvæmt
- Auglýsir eftir umsóknum um styrk
- Heldur utan um umsóknir sem berast umhverfis- og skipulagssviði
- Tekur ákvörðun um úthlutun styrks
- Tryggir að ákvörðun um styrkveitingu liggi fyrir tímanlega svo borgarstjóri geti afhent styrkinn á fæðingardegi Ellýjar þann 15. september ár hvert

Valnefndina skipa:

Hrönn Hrafnisdóttir (formaður), deildarstjóri loftslagsmála hjá umhverfis- og skipulagssviði

Hjálmar Sveinsson, fulltrúi umhverfis- og skipulagsráðs

Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Margrét Lára Baldursdóttir, skrifstofa sviðsstjóra

¹ Nánari upplýsingar um námsstyrkinn, hlutverk og skipan valnefndar eru í hjálögðum reglum um námsstyrk Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur.



Reykjavík



Til ráðgjafar og samstarfs:

Valnefndin leitar sér ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil valnefndar:

Valnefnd er skipuð til eins árs og úthlutar styrknum þann 15. september 2025.

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Hjálagt: Reglur um námsstyrk Ellýjar Katrínar Guðmundsdóttur.

